


Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/2266  
komudagur 5.5.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis,  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. maí 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum. Mál nr. 724.**

Viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins á ofangreindu frumvarpi. Með frumvarpinu er verið að setja veitingu svokallaðra smálána lagalega umgjörð og skv. b. lið 1. gr. frumvarpsins falla lán sem eru lægri fjárhæð en 15.000 kr. nú undir lög um neytendalán. Vakin er athygli á að í frumvarpið vantar skýringu á hugtökunum smálán og smálánastarfsemi, sbr. 4. gr. þess.

Samtök atvinnulífsins vekja hins vegar athygli á að breytingar skv. frumvarpinu einskorðast ekki við smálánastarfsemi heldur taka til allra lánastarfsemi sem varða lög um neytendalán. Smálánastarfsemi er hins vegar mjög ólík almennri lánastarfsemi sem byggir oftast á löngu viðskiptasambandi og trausti lánaþyrirtækis á viðskiptavinum sínum.

Það er álit samtakanna að við samningu ákvæðis 3. gr. frumvarpsins hafi þessa eðlismunar sem er á smálánum annars vegar og annarra neytendalána hins vegar ekki verið nægjanlega gætt. Samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að greiða út lán samkvæmt lögnum án þess að greiðslumat hafi farið fram. Löng hefð er fyrir því að einstaklingar hafi fengið tímabundin lán með tiltölulega einföldum hætti, s.s. yfirdráttarheimildir, kreditkortarheimildir og staðgreiðslulán, enda byggja ákvarðanir um slík lán oftast á löngu viðskiptasambandi. Ákvæðið gengur einnig lengra en 8. gr. tilskipunar 2008/48/EB um neytendalán (sbr. e. lið 2. mgr. 2. gr.) sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu.

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins hefur í för með sér verulega aukna vinnu og söfnun persónulegra upplýsinga sem vandséð er að leiði til annars en hærri kostnaðar við lántöku. Samtökin hvetja því til að þess verði gætt að ekki verði lagðar meiri byrðar á lánveitendur en kveðið er á um í áðurnefndu ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um neytendalán.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins